

## Græna geggjunin, bankabölið og stríðið gegn almenningi

Fjármagnsauðvaldið skapar hverja kreppuna á fætur annarri til að skara eld að eigin köku. Framleiðslu vara er skipað skör lægra en þjónustu og braski með peninga. Í síðustu kreppu fuðruðu innistæður fólks upp, meðan bönkunum var bjargað fyrir horn með skattfé. Almenningur var rændur.

Allt var þetta með ráðum gert eins og aðrar kreppur Seðlabanka alþjóðaaúðvaldsins og alþjóðstofnanna þeirra eins og Alþjóðaseðlabankans í Bern (Bank of International Settlement), Alþjóðagjaldeyrisjóðsins og Alþjóðagjaldeyrisvarasjóðsins. Fyrstnefnda stofnunin var stofnuð af Þýska ríkisbankanum (Nasistum) og Enska seðlabankanum.

Græna byltingin eða geggjunin er hernaðaráætlun gegn almenningi.

Rómarklúbburinn, samkunda nokkurra auðkýfinga, uppgötvaði það snjallræði að spinna saman gamlar hugmyndir kvenfrelsaranna um kúgun karla á konum og umhverfi, efnahagslegar hugmyndir um offjölgun mannkyns og líffræðilegar hugmyndir um mannbætur (eugenics).

Í hnotskurn er boðskapurinn þessi: Mannkyn – karkynið sértaklega – er of fjölmennt, auðlindir takmarkaðar og olíunotkun eyðileggur loftslagið með þeim afleiðingum, að heimurinn ofhitnar, verður að helvíti eins og aðalritari Sameinuðu þjóðanna hefur sagt.

Fjöldi vísindamanna var keyptur til að smíða svokölluð loflagsvísindi og Sameinuðu þjóðirnar tóku að sér að heyja baráttu fyrir frelsun umhverfis og kvenna. Hún hefur verið samtvinnuð í þrjá áratugi eða svo.

Lausnin er græn orka, fækkun „gagnslausra átvagla,“ stundarfjórðungsborgir, töluuppfærðir öreigar og valdelfdar konur.

Sameinuðu þjóðirnar og Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum), eiga nána samvinnu við banka, auðmenn og ríkisstjórnir, um að ná þessum markmiðum. Hið gamla fyrirkomulag nasista og fasista er samtímis endurvakið, þ.e. samrunastjórnun stórfyrirtækja og ríkisvalds, í aðdraganda alheimsstjórnar.

Umhverfisólin, þ.e. eyðilegging atvinnulífs og tilfærsla fjármuna almennings til auðfurstana, sem nú þegar eiga um 99% af auði veraldar, er stöðugt hert.

Kolefnissnautt atvinnulíf er slagorðið. Til viðbótar verðbréfum komu á markaðinn græn aflátsbréf. Slík aflátsbréf ætlar t.d. bæjarstjórn Húsavíkur að gefa út, ristir upp fagurt mólendi til að rækta skóg, svo selja megi súrefnið, sem hann gefur frá sér.

Óhagkvæmar, mengandi vindmyllur, er sérstakt baráttumál íslenskra stjórnvalda og fjárfesta úr þeirra röðum.

Í hjálögðum greinum er m.a. fjallað um þessa þróun, sem er undirbúningur að því að gera okkur að örmerktum og bólusetnum öreigum á valdi þeirra, sem heiminn eiga, og handbenda þeirra í stjórnámálum.

Síðasta bólusetningaherferð var farin í því skyni að örmerkja fólk og fækka því, hneppa það í tölvuþrældóm og auðkenna. „Svipstundarlykill“ (QR = Quick response code) er eitt af forstigunum. Þessi tækni er nú þegar beitt víða.

Samræmd auðkenni eða upplýsingaveita um einkahagi, er komin af tilraunastiginu, bæði hjá nokkrum ríkjum Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins. En bólusetningunum, innsprautun örmerkingar-, dráps- og stjórnunartækni, er hvergi nærri lokið, svo berið upphandlegginn.

Ný „vara“ eða búgrein í heilbrigðisþjónustu, er aðstoð við sjálfsmorð, sem t.d. hefur verið tekin upp í Kanada. Þar er fólki stundum boðin dánaraðstoð til að spara kostnað við meðferð eða aðhlyningu.

Blessuð börnin eru þar viðskiptavinir eins og á kynbreytingadeildunum sjúkrahúsanna. Vilji ríkisvaldsins (heilbrigðisþjónustunnar) vegur jafnvel þyngra en foreldra.

Þetta ofbeldi er framið undir vígorðum um frelsi, lýðræði, mannréttindi og náttúruvernd – hin nýju gildi, hin nýja, fagra framtíð.

Nefnd „lækning“ er upplögð leið til að losna við gamalmenni, ellilífeyrisþega, eins og gert var með deyðandi lækningum í síðasta veirufaraldri. Fátækt er líka þekkt leið til fólksfækkunar. Nýja jafnaðarmannastjórn Bretlands virðist ætla að fara hana líka.

Umgjörðin er deyjandi lýðræði eins og sjónarspilið í Bandaríkjunum ber glögg vitni um. Því miður eru Ragnrök líklegri en nokkru sinni áður. Vitfirringar eru áberandi við stjórnvöl heimsins.

Sagnfræðingurinn, Gilbert Doctorow, ályktar, að Bandaríkjamenn, þ.e. djúpríkið á bak við öldunginn, Joseph Biden, og Kamala Harris, muni innan skamms grípa til þess örþrifaráðs að svara kalli Benjamin Netanyahu og Volodymyr Zelensky um allsherjarstríð í Austur-Evrópu og Miðausturlöndum, til að auka líkur á kosningasigri Kamala.

[https://www.youtube.com/watch?v=I5iLB\\_7EHd4](https://www.youtube.com/watch?v=I5iLB_7EHd4)

[https://www.youtube.com/watch?v=yEZ\\_X0YtE9A](https://www.youtube.com/watch?v=yEZ_X0YtE9A)

<https://www.globalresearch.ca/un-conference-future-complete-borderless-digital-control/5867564>

<https://www.youtube.com/watch?v=s2JUR9WVlq4>

<https://expose-news.com/2024/09/11/pfizer-skipped-10-years-of-safety-tests/>

[https://alexkrainer.substack.com/p/our-values-killing-pensioners-to?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=1063805&post\\_id=148734814&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://alexkrainer.substack.com/p/our-values-killing-pensioners-to?utm_source=post-email-title&publication_id=1063805&post_id=148734814&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://matthewehret.substack.com/p/eco-warrior-mark-carney-set-up-to?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=260045&post\\_id=148748875&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://matthewehret.substack.com/p/eco-warrior-mark-carney-set-up-to?utm_source=post-email-title&publication_id=260045&post_id=148748875&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://matthewehret.substack.com/p/eco-warrior-mark-carney-set-up-to?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=260045&post\\_id=148748875&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://matthewehret.substack.com/p/eco-warrior-mark-carney-set-up-to?utm_source=post-email-title&publication_id=260045&post_id=148748875&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://delingpole.substack.com/p/global-warming-is-a-gigantic-conspiracy?utm\\_source=cross-post&publication\\_id=714921&post\\_id=148618549&utm\\_campaign=1015075&isFreeMail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://delingpole.substack.com/p/global-warming-is-a-gigantic-conspiracy?utm_source=cross-post&publication_id=714921&post_id=148618549&utm_campaign=1015075&isFreeMail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)